

VI. KAFLI

Gildistaka.

22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 45. gr., 50. gr. og 4. mgr. ákvæðis VIII til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

REGLUR

**um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema
samkvæmt 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla.**

1. gr.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema úrskurðar í málum, þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum varðandi:

- a. námsmat, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara, birtingu einkunna,
- b. mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtökuprófs,
- c. afgreiðslu umsókna um skólavist þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla.

Nefndin endurmetur ekki prófurlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

Málum verður ekki skotið til áfrýjunarnefndarinnar nema kæruleið, skilgreind og samþykkt af háskólaráði viðkomandi háskóla, hafi verið tæmd eða þrír mánuðir liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir háskólaráðið.

2. gr.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema getur með úrskurðum sínum staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir háskóladeilda eða háskólaráðs í þeim málum, þar sem nemendur telja á rétt sinn hallað sbr. 1. gr. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og þar skal getið helstu gagna sem liggja til grundvallar niðurstöðu. Niðurstöðu skal fylgja stuttur rökstuðningur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

3. gr.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, skal einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar, sem er formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir fullnægja skilyrðum lögum samkvæmt til þess að vera héraðsdómari. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Beiðni um úrskurð nefndarinnar skal vera skrifleg og í henni skal skilmerkilega greina hvert kæruefni er, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni. Nefndin skal fjalla um

úrskurð um kæruefnið eins fljótt og verða má en skal þó að jafnaði kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að kæran barst henni í hendur. Sé mál viðamikið og fyrrsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðslu sé að vænta. Afgreiðslutími skal þó aldrei vera lengri en þrír mánuðir.

5. gr.

Þegar kæra hefur verið lögð fram skal gefa viðkomandi háskólastofnun frest til þess að tjá sig skriflega um kærana og önnur gögn, sem námsmaður kann að hafa lagt fram. Frestur þessi skal að jafnaði ekki vera lengri en 2 vikur en þó má veita lengri fresti þegar sérstaklega stendur á. Í lok frestsins skal halda fund í nefndinni með málsaðilum þar sem önnur viðbótargögn sem málsaðilar kjósa að leggja fram eru afhent.

Þegar öll gögn sem aðilar kjósa að leggja fram hafa verið afhent nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort málsaðilar fjalli um málið munnlega eða skriflega. Að jafnaði skal framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki. Hvort sem ákveðið er að fjalla um málið munnlega eða skriflega skal ákveðinn stuttur frestur til þess. Viðkomandi háskólastofnun skal tjá sig fyrst um málið en námsmaður að því búnu.

6. gr.

Nefndinni er heimilt að afla upplýsinga og gagna og óska eftir umsögnum aðila og jafnframt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Nefndin getur einnig óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni, sem tengjast rannsóknarefninu, en gefa skal nemanda og fulltrúa háskólastofnunar sem í hlut á kost á að vera viðstaddir á slíkum fundum. Slíkar skýrslur má bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann gefur, eru skráðar.

Nefndin skal halda málaskrá og gerðarbók. Nefndin skal árlega senda menntamálaráðherra stutta skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

7. gr.

Nefndin hefur heimild til þess, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ráða starfsmann til nefndarinnar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Nefndarmönnum ber að gæta þagmælsku um það, sem þeir komast að í starfi sínu eða í tengslum við það.

9. gr.

Um málsmeðferð hjá nefndinni fer að öðru leyti skv. stjórnsýslulögum.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Björn Bjarnason.

Pórunn J. Hafstein.